

Kynningabæklingur fyrir valgreinar



8. –10. bekk, 2021-2022

Valgreinar

Þessum bæklingi er ætlað að kynna fyrirkomulag valgreina nemenda í 8., 9. og 10. bekk í Grunnskólanum í Þorlákshöfn skólaárið 2021-2022.

Valgreinar eru hluti af skyldunámi nemenda í 8.- 10. bekk. Samkvæmt aðalnámskrá er tilgangur með valfrelsi nemenda á unglingsstigi sá að aðlaga námið sem mest að þörfum einstaklingsins og gera hverjum og einum kleift að leggja eigin áherslur í námi miðað við áhugasvið og framtíðaráform í samvinnu við foreldra, kennara og námsráðgjafa.

Nemendur í 8.,9. og 10. bekk verja fimm klukkustundum á viku í vali samkvæmt aðalnámskrá. Að þessu sinni velja nemendur smiðjur, hver smiðja inniheldur fjögur níu vikna námskeið. Kennend er klukkustund í senn nema í einstaka tilfellum þegar annað fyrirkomulag hentar betur.

Metið val

Heimilt er að veita undanþágu frá valgrein með því að meta reglubundna þátttöku í félagslífi, íþróttum eða skipulögðu starfi utan skóla. Einnig er heimilt að meta nám utan grunnskóla s.s. nám við tónlistarskóla, framhaldsskóla eða málaskóla. Nemendur geta fengið eina klukkustund á viku metna í vali. Foreldrar bera ábyrgð á þátttöku nemenda í slíku starfi.

Nemendur velja fimm smiðjur nema þeir hafi óskað eftir undanþágu, þá velja þeir fjórar smiðjur.

Mikilvægt

Mikilvægt er að nemendur vandi valið og afar mikilvægt er að foreldrar hafi hönd í bagga með vali barna sinna. Athugið að valið er fyrir báðar annir og að valið er bindandi. Vandaðu valið í samráði við foreldra /forráðamenn þína. Fáðu aðstoð t.d. hjá umsjónarkennara eða aðstoðarskólalastjóra ef þú þarft.

Athugið!

Skólinn áskilur sér rétt til að fella niður þær smiðjur/valgreinar sem ekki ná lágmarksfjölda nemenda, einnig ef breyting verður á kennslutilhögun. Til þess að valgreinar/smiðja geti orðið að veruleika þarf að lágmarki 10 nemendur.

Stutt lýsing á námskeiðum.

Akrílmálun

Kennari: Anna Margrét Smáradóttir

Kennslustundafjöldi: 1 klukkustund á viku í 9 vikur

Lýsing: Nemendur kynna akrýl málningu, læra að vinna verk með mismunandi tækni og læra að blanda liti. Nemendur læra að byggja upp myndir og kynna lögum myndlistar.

Námsmat: Virkni, áhugi, frumkvæði og þátttaka.

Boltagreinar

Kennari: Bjarni Rúnar Lárusson

Kennslustundafjöldi: 1 klukkustund á viku í 9 vikur

Lýsing: Farið verður yfir allar helstu boltagreinar sem spilaðar eru hér á landi. Reglum og grunnatriðum greinanna verða gerð góð skil svo nemendur öðlist dýpri skilning á íþróttinni og geti beitt sér rétt í leik.

Námsmat: Virkni, áhugi, frumkvæði og þátttaka.

Borðspil

Kennari: Óákveðið

Kennslustundafjöldi: 1 klukkustund á viku í 9 vikur

Lýsing: Nemendur kynna nýjum og skemmtilegum borðspilum í bland við eldri og klassísk.

Námsmat: Virkni, áhugi og þátttaka.

Bridge

Kennari: Dagbjört Hannesdóttir

Kennslustundafjöldi: 1 klukkustund á viku í 9 vikur

Lýsing: Nemendur læra og spila bridge. Byrjað er að kenna bridge frá grunni.

Námsmat: Virkni, áhugi og þátttaka.

Dans og Zumba

Kennari: Anna Berglind Júlísdóttir

Kennslustundafjöldi: 1 klukkustund á viku í 9 vikur

Lýsing: Í dansi verður lögð áhersla á sköpun og freestyle dans. Nemendur semja dansa saman og læra grunnspor í freestyle dansi. Hópurinn kemur fram á danssýningu skólans að vori. Zumba er skemmtileg hreyfing þar sem dönsuð eru einföld spor við skemmtilega tónlist. Góð styrking og mikil brennsla.

Námsmat: Virkni, áhugi, frumkvæði og þátttaka.

Endurnýting

Kennari: Anna Margrét Smáradóttir

Kennslustundafjöldi: 1 klukkustund á viku í 9 vikur

Lýsing: Nemendur vinna með verðlausan efnivið. Skúlptúrar unnir og líkön, ásamt því að túlka hugtök í skúlptúragerð. Nemendur sjá að mestu um að safna efnivið sem þarf til verkefnisins, ásamt því að nota það sem til er í skólanum.

Námsmat: Virkni, áhugi, frumkvæði og þátttaka.

Excel töflureiknir

Kennari: Ingvar Jónsson

Kennslustundafjöldi: 1 klukkustund á viku í 9 vikur

Lýsing: Nemendur læra hvernig hægt er að nýta excel og excel forritun í sínu daglega lífi en einnig til undirbúnings fyrir áframhaldandi nám. Unnið verður með grunnatriði forritsins en einnig formúlur, töflur o.fl.

Námsmat: Virkni, áhugi, frumkvæði og þátttaka.

Félagsvist

Kennari: Óákveðið

Kennslustundafjöldi: 1 klukkustund á viku í 9 vikur

Lýsing: Nemendur læra og spila félagsvist.

Námsmat: Virkni, áhugi og þátttaka.

Fjármálafræðsla

Kennari: Dagbjört Hannesdóttir

Kennslustundafjöldi: 1 klukkustund á viku í 9 vikur

Lýsing: Markmiðið er að auka fjármálalæsi nemenda og gera þá meðvitaðri um sína eigin fjármálahegðun. Farið verður yfir ýmsa kostnaðarliði sem nemendur sem neytendur þurfa að kljást við ásamt því að kynna margskonar hugtök tengd fjármálum, s.s. launaseðla, skatta og opinber gjöld, lántöku, vexti, skuldir og eignir o.fl.

Námsmat: Virkni, áhugi, frumkvæði og þátttaka.

Forritun

Kennari: Ingvar Jónsson

Kennslustundafjöldi: 1 klukkustund á viku í 9 vikur

Lýsing: Nemendur læra um undirstöðuatriði forritunar og vinna einföld forritunarverkefni. Í forrituninni verður notast við forritin Scratch, Microbit, Minecraft o.fl. Unnin verða skipulögð og frjáls verkefni sem reyna á sköpun, rýmisgreind og útsjónarsemi.

Námsmat: Virkni, áhugi, frumkvæði og þátttaka.

Grafísk hönnun

Kennari: Ingvar Jónsson

Kennslustundafjöldi: 1 klukkustund á viku í 9 vikur

Lýsing: Markmið áfangans er að nemendur öðlist grunnþekkingu og færni í að koma frá sér upplýsingum á sjónrænan hátt. Nemendur fá tækifæri til að nýta tæknina m.a. í tví- og þrívíddar myndvinnslu, plakata- og bæklingagerð og þrívíddarprentun. Notast verður við hin ýmsu forrit s.s. Sketchup, Inkscape, Serif o.fl.

Námsmat: Virkni, áhugi, frumkvæði og þátttaka.

Gönguferð frá fjöru til fjalls

Kennari: Bjarni Rúnar Lárússon

Kennslustundafjöldi: Samtals 9 klukkustundir verða nýttar í námskeiðið. Tímasetning ferða verður ákveðin að höfðu samráði við nemendur.

Lýsing: Lögð verður áhersla á hreyfingu utandyra. Farið verður í lengri og styttri göngur t.d. í Reykjadal, Geitafell og í fjöruferð. Að auki verður áhersla á sund og hjólreiðar. Nemendur þurfa að eiga gönguskó og hafa aðgang að reiðhjóli. Þá verður nemendum kynnt hvaða

búnaður og reglur eiga við í fjallgöngum, hjólaferðum o.s.frv.

Námsmat: Virkni, áhugi, frumkvæði og þátttaka.

Heilsurækt 1

Kennari: Ingibjörg Steinunn Sæmundsdóttir

Kennslustundafjöldi: 1 klukkustund á viku í 9 vikur

Lýsing: Heilsa er öllum mikilvæg, regluleg hreyfing, svefn og næringarríkt mataræði eru taldir mikilvægir þættir þegar kemur að heilsu. Reglulega hreyfingu er hægt að stunda á margskonar vegu og fá nemendur að kynnst nokkrum aðferðum í þessum áfanga. Svo sem sundleikfimi, pilates, tabata, þol- og styrktarþjálfun.

Námsmat: Virkni, áhugi, frumkvæði og þátttaka.

Heilsurækt 2

Kennari: Ingibjörg Steinunn Sæmundsdóttir

Kennslustundafjöldi: 1 klukkustund á viku í 9 vikur

Lýsing: Heilsa er öllum mikilvæg, regluleg hreyfing, svefn og næringarríkt mataræði eru taldir mikilvægir þættir þegar kemur að heilsu. Reglulega hreyfingu er hægt að stunda á margskonar vegu og fá nemendur að kynnst nokkrum aðferðum í þessum áfanga. Svo sem sund, úti hreyfing, crossfit, þol- og styrktarþjálfun.

Námsmat: Virkni, áhugi, frumkvæði og þátttaka.

Hljómsveitarstarf

Kennari: Ása Berglind Hjálmarsdóttir

Kennslustundafjöldi: 1 klukkustund á viku í 9 vikur

Lýsing: Nemendur fá tækifæri til að búa til tónlist eða æfa upp tónlist eftir aðra, í minni hópasamsetningum heldur en í Tónlistarsköpunar áfanganum. Hér eru nemendur orðnir öruggir á sínu hljóðfæri (rödd þar á meðal), búnir að fá reynslu af því að skapa tónlist og vinna með sjálfstæðum hætti. **Hér er líka tækifæri fyrir þau sem vilja læra grunnatriðin í að taka upp tónlist** og geta þá æft sig í að taka upp hljómsveitirnar sem eru að störfum.

Námsmat: Virkni, áhugi, frumkvæði og þátttaka.

Hugarfrelsi

Kennari: Helga Helgadóttir

Kennslustundafjöldi: 1 klukkustund á viku í 9 vikur

Lýsing: Í hverjum tíma eru gerðar einfaldar öndunaræfingar, slökun og hugleiðsla ásamt fræðslu og verkefnum til að efla einstaklinginn og sjálfsmynd hans.

Námsmat: Virkni, áhugi, frumkvæði og þátttaka.

Húð og hár

Kennari: Karen Heimisdóttir

Kennslustundafjöldi: 1 klukkustund á viku í 9 vikur

Lýsing: Nemendur læra um umhirðu á húð og hári. Kynnt verða grundvallaratriði förðunar og einfaldar hárgreiðslur.

Námsmat: Virkni, áhugi, frumkvæði og þátttaka.

Húsgagnasmíði

Kennari: Torfi Hjörvar Björnsson

Kennslustundafjöldi: 1 klukkustund á viku í 9 vikur

Lýsing: Markmið námsins er fyrst og fremst að gera nemendur sjálfstæða í verki, stuðla að vinnugleði og virðingu fyrir vinnu, þjálfá einbeitingu, iðjusemi og verkfærni. Lögð megináhersla á smíði nýtsamlegra húsgagna, s.s. stóla, náttborða o.fl. Nemendur koma með hugmyndir eða finna þær á t.d. Pinterest og teikna, hanna og smíða með aðstoð kennara. Námsmat: Virkni, áhugi, frumkvæði og þátttaka.

Hvað er að gerast?

Kennari: Sigrún Berglind Ragnarsdóttir

Kennslustundafjöldi: 1 klukkustund á viku í 9 vikur

Lýsing: Í þessari smíðju verður farið yfir það sem er að gerast hverju sinni í kringum okkur hér heima sem og út um allan heim. Spjallað verður um það sem fjölmiðlarnir bjóða okkur uppá í fréttum sem og því sem samfélagsmiðlar halda að okkur alla daga. Markmiðið er að gera nemendur meðvitaðri um fréttáflutning almennt sem og þjálfá hugann í að láta ekki mata sig á hverju sem er. Námsmat: Virkni, áhugi, frumkvæði og þátttaka.

Íslensk matargerð á árum áður

Kennari: Þóra Kjartansdóttir

Kennslustundafjöldi: 1-2. klst yfir 6 vikur í stað 1 klst. yfir 9 vikur.

Lýsing: Farið verður yfir matargerð á árum áður, allt frá tímum torfbæjanna í átt að nútímanum. Bæði bókleg og verkleg verkefni.

Kennslufyrirkomulag: Aðrahverja viku verður 1 klst nýtt í bóklegan fróðleik og verkefni og aðrahverja viku verður farið í verklega hlutann í 2 klst.

Námsmat: Virkni, áhugi, frumkvæði og þátttaka

Jóga

Kennari: Sóley Einarsdóttir

Kennslustundafjöldi: 1 klukkustund á viku í 9 vikur

Lýsing: Jóga- og öndunaræfingar, hugleiðsla og slökun geta m.a. dregið úr kvíða, bætt einbeitingu og róað hugann. Jóga eflir persónulega tengingu við okkur sjálf. Í valgreininni munu nemendur gera léttar jóga- og öndunaræfingar, prófa hugleiðslu og í lok hvers tíma er farið í slökun. Einnig verða gerð ýmis verkefni sem tengjast sjálfsmynd, samkennd og þakklæti. Sé jóga stundað reglulega getur það gefið okkur aukinn liðleika og styrk, betri einbeitingu, sterkari sjálfsmynd, gleði og ró.

Námsmat: Virkni, áhugi, frumkvæði og þátttaka.

Kynfræðsla 1

Kennari: Indiana Rós Ægisdóttir

Kennslustundafjöldi: 1 klukkustund á viku í 9 vikur

Lýsing: Nemendur kynna mannslíkamanum og þroska hans, frjósemi, barneignum, tíðarhringnum og tíðarvörum. Þeir læra um hinar ýmsu getnaðar- og kynsjúkdómavarnir og hvað skal gera ef þær klinka. Fjallað verður um kynferðislega ánægju og sjálfsfróun auk annarra umræðuefna sem nemendur munu koma með hugmyndir um.

Tjáning og umræða eru mikilvægir þættir á námskeiðinu.

Kynfræðslan er ávallt hluti af víðara samhengi þar sem málefni hinsegin- og fötlunarfræða tvinnast inn í umræðuefnið.

Námsmat: Virkni, áhugi, frumkvæði og þátttaka.

Kynfræðsla 2

Kennari: Indíana Rós Ægisdóttir

Kennslustundafjöldi: 1 klukkustund á viku í 9 vikur.

Lýsing: Nemendur fá fræðslu um flóru hinseginleika og fjölbreytileika. Fjallað verður um virðingu, samskipti og sambönd, auk fræðslu um mörk og samþykki og ólíkar birtingarmyndir kynferðisofbeldis og afleiðinga þess. Nemendur fá fræðslu um klám þar sem verður fjallað um mun á klámi og kynlífi. Auk þess verður fjallað um efni sem nemendur leggja til.

Tjáning og umræða eru mikilvægir þættir á námskeiðinu.

Kynfræðslan er ávallt hluti af víðara samhengi þar sem málefni hinsegin- og fötlunarfræða tvinnast inn í umræðuefnið.

Námsmat: Virkni, áhugi, frumkvæði og þátttaka.

Lestur og skapandi skrif

Kennari: Karen Heimisdóttir

Kennslustundafjöldi: 1 klukkustund á viku í 9 vikur

Lýsing: Nemendur lesa smásögur í tíma og vinna verkefni úr þeim. Einnig verður farið yfir skrif á textum; tíð sagna, persónur, umhverfi o.fl.

Námsmat: Virkni, áhugi, frumkvæði og þátttaka.

Ljósmyndun

Kennari: Ingvar Jónsson

Kennslustundafjöldi: 1 klukkustund á viku í 9 vikur

Lýsing: Markmið áfangans er að nemendur læri á ljósmyndavélina sjálfa auk þess að vinna með helstu reglur í uppbyggingu rammans, lýsingu, liti o.fl. í gegnum þemaverkefni sem hæfa áhugasviði nemenda. Notast verður við myndavélar og snjalltæki skólans auk þess sem nemendur geta notað sín eigin tæki. Notast verður við námsefnið Stafræn ljósmyndun eftir Karl Jeppesen og Marteín Sigurgeirsson.

Námsmat: Virkni, áhugi, frumkvæði og þátttaka.

Lærðu á hljóðfæri og/eða hljóðvinnsluforrit

Kennari: Ása Berglind Hjálmarsdóttir

Kennslustundafjöldi: 1 klukkustund á viku í 9 vikur

Lýsing: Nemendur fá tækifæri til að læra á hljóðfæri, t.d. úkúlele, trommur, bassa, gítar, hljómborð eða forrit sem notuð eru til tónsköpunar og hljóðvinnslu. Röddin er líka hljóðfæri og geta þau sem vilja þróað hana á þessu námskeiði, sungið ýmist einir eða með öðrum. Í lok námskeiðsins ætti hópurninn að geta spilað saman lag. Engin þörf er á fyrri reynslu af því að æfa á hljóðfæri eða syngja.

Námsmat: Virkni, áhugi, frumkvæði og þátttaka.

Matur og menning

Kennari: Þóra Kjartansdóttir

Kennslustundafjöldi: 1- 2 klst yfir 6 vikur í stað 1 klst. yfir 9 vikur.

Lýsing: Matarmenning er stór hluti margra landa og þjóða sem endurspeglar sögu þeirra. Á

námskeiðinu verður farið yfir matamenningu þriggja landa, nemendur vinna stutt verkefni tengt hverju landi ásamt því að matreiða rétti sem nemendur og kennari ákveða saman. Kennslufyrirkomulag: Aðrahverja viku verður 1 klst nýtt í fróðleik og verkefni og aðrahverja viku matreiða nemendur rétti sem tengjast viðkomandi landi í 2 klst. . Námsmat: Áhugi, virkni, frumkvæði og þátttaka.

Málm- og silfursmíði

Kennari: Gestur Áskelsson

Kennslustundafjöldi: 1 klukkustund á viku í 9 vikur

Lýsing: Nemendur hanna og smíða einfalda skart- og nytjahluti úr málm. Lögð er áhersla á skapandi og sjálfstæða vinnu nemenda.

Námsmat: Virkni, áhugi og þátttaka.

Menningarstarf

Kennari: Ása Berglind Hjálmarsdóttir

Kennslustundafjöldi: 1 klukkustund á viku í 9 vikur

Lýsing: Nemendur fá tækifæri til þess að undirbúa menningarviðburð sem þeir framkvæma í lok námskeiðs. Nemendur fá innsýn inn í þau fjölmörgu störf sem tónlistariðnaðurinn hefur að geyma og fá tækifæri til að prófa mörg þeirra. Við skoðum skólamenninguna og hvernig hægt er að hafa áhrif á hana og nærsamfélag sitt í gegnum menningu.

Námsmat: Virkni, áhugi, frumkvæði og þátttaka.

Námstækni

Kennari: Elínborg Þorsteinsdóttir

Kennslustundafjöldi: 1 klukkustund á viku í 9 vikur

Lýsing: Markmið með námstækni er að kynna nemendum árangursríkar aðferðir í námi, stuðla að því að nemendur meti og endurskoði námsvenjur sínar og þær lífsvenjur sem geta haft áhrif á nám, ásamt því að aðstoða nemendur við að setja sér raunhæf markmið í námi sínu.

Námsmat: Virkni, áhugi, frumkvæði og þátttaka.

Nýsköpun og frumkvöðlafræði

Kennari: Guðlaug Einarsdóttir

Kennslustundafjöldi: 1 klukkustund á viku í 9 vikur

Lýsing: Heimurinn er fullur af áskorunum sem bíða þess eins að við leysum þær á skapandi, skemmtilegan og hugmyndaríkan hátt. Í nýsköpun og frumkvöðlafræði förum við í svokallaða „uppfinningaferð“ og lærum vinnsluferli í anda nýsköpunar. Fá hugmyndir að einhverju sem gæti bætt lífið okkar, gert heiminn að betri stað eða finnum upp eitthvað glænýtt og skemmtilegt. Þitt áhugasvið ræður ferðinni og þú vinnur því með þínar eigin hugmyndir, útfærir og hannar eftir þínu höfði.

Námsmat: Virkni, áhugi, frumkvæði og þátttaka.

Ofur-Hugi

Kennari: Guðlaug Einarsdóttir

Kennslustundafjöldi: 1 klukkustund á viku í 9 vikur

Lýsing: Hvað getum við sjálf gert til að láta okkur líða sem allra best? Hvað felst í sjálfásast og jákvæðri líkamsímynd? Hver eru áhrif hugleiðslu, öndunaræfinga og kaldra baða á líkama og

sál? Hvað eru sánaböð og hvaða áhrif hafa þau? Hvað er dans- og hlátur jóga? Hvaða áhrif getur tónlist haft á líðan? Hver er lækningamáttur náttúrunnar?

Í tímunum munum við einnig kynna fyrir hvert öðru smáforrit, hlaðvörp og/eða aðferðir sem miða að því að auka lífsgæði og hamingju og auðvitað þrúfum við allar þessar aðferðir og finnum áhrifin á eigin skinni.

Námsmat: Virkni, áhugi, frumkvæði og þátttaka.

Reiðhjólaviðgerðir

Kennari: Gestur Áskelsson

Kennslustundafjöldi: 1 klukkustund á viku í 9 vikur

Lýsing: Markmiðið er að nemendur geti leyst einfaldar reiðhjólaviðgerðir og verði fær um að sinna reglubundnu viðhaldi og hugsanlegum viðgerðum sem upp kunna að koma.

Námsmat: Virkni, áhugi, frumkvæði og þátttaka

Sjálfsstyrking

Kennari: Elínborg Þorsteinsdóttir

Kennslustundafjöldi: 1 klukkustund á viku í 9 vikur

Lýsing: Markmið með sjálfsstyrkingu er að stuðla að betri líðan nemenda, ásamt jákvæðari samskiptum. Áhersla verður lögð á að styrkja sjálfstraust og sjálfsmynd nemenda í gegnum verkefni, æfingar, umræður og leiki.

Námsmat: Virkni, áhugi, frumkvæði og þátttaka.

Skjálfti

Kennari: Ása Berglind Hjálmarsdóttir

Kennslustundafjöldi: 36 klukkustund í undirbúning að framlagi skólans til Skjálfta.

Lýsing: Skjálftinn er hæfileikakeppni ungmenna í grunnskólum á Suðurlandi, byggður á Skrekk í Reykjavík. Nemendur búa til atriði frá grunni, þróa hugmynd, æfa, hanna búninga, förðun, hár, sjá um lýsingu og hljóðvinnslu. Atriðið endar í keppni sem fram fer að vori.

Vinnan hefst eftir áramót og er stigmagnandi þungi í æfingum og undirbúningi sem nær hámarki síðustu vikur fyrir keppnina.

Í Skjálftanum er enginn látinn gera eitthvað sem hann/hún vill ekki heldur er unnið með styrkleika hvers og eins. Markmiðið með Skjálftanum er að bjóða nemendum upp á verkefni sem eflir sköpunargáfu, þjálfar þau í markvissu langvinnu hópastarfi sem styrkir sjálfsmynd einstaklinga og hefur jákvæð áhrif á skólamenningu.

Námsmat: Virkni, áhugi, frumkvæði og þátttaka.

Skyndihjálp 1

Umsjón: Þorsteinn Már Ragnarsson

Kennslustundafjöldi: 1 klukkustund á viku í 9 vikur eða helgarnámskeið í 9 klukkustundir.

Lýsing: Að þátttakendur öðlist þekkingu og færni í að beita einföldum aðferðum skyndihjálpar og geti greint einkenni algengra sjúkdóma og áverka.

Námsmat: Virkni, áhugi, frumkvæði og þátttaka.

Skyndihjálp 2

Umsjón: Þorsteinn Már Ragnarsson

Kennslustundafjöldi: 1 klukkustund á viku í 9 vikur eða helgarnámskeið í 9 klukkustundir.

Lýsing: Að þátttakendur öðlist þekkingu og færni í að beita verklegum aðgerðum í skyndihjálpm sem dæmi hnoða og blása og búa um áverka.
Námsmat: Virkni, áhugi, frumkvæði og þátttaka.

Spinning

Kennari: Sóley Einarsdóttir

Kennslustundafjöldi: 1 klukkustund á viku í 9 vikur

Lýsing: Spinning er hreyfiaðferð sem byggir upp aukið þol á skömmum tíma um leið og einstaklingur brennir fullt af hitaeiningum. Námsmat: Virkni, áhugi, frumkvæði og þátttaka.

Sterkari út í lífið

Kennari: Helga Helgadóttir

Kennslustundafjöldi: 1 klukkustund á viku í 9 vikur

Lýsing: Tímarnir byggjast á fjölbreyttum verkefnum, umræðum og æfingum sem efla ímyndunaraflið, gagnrýna hugsun, núvitund, heilsu og sjálfsmýnd. Unnið verður sérstaklega með markmið og markmiðaspjöld.

Námsmat: Verkefni, virkni, áhugi, frumkvæði og þátttaka.

Styrktarþjálfun

Kennarar: Anna Júlíusdóttir og Garðar Geirfinnsson

Kennslustundafjöldi: 1 klukkustund á viku í 9 vikur

Lýsing: Styrktarþjálfun er mikilvægur þáttur í íþróttum og annarri líkamlegri hreyfingu fyrir ungt fólk. Sýnt hefur verið fram á að ávinningur styrktarþjálfunar hjá börnum og unglingum er mikil og má þar nefna jákvæð áhrif á hjarta- og æðarkerfi, beinþéttni, andlega þætti og góð langtímaáhrif á heilsu. Til að fá sem mest út úr styrktarþjálfuninni er mælt með því að nemendur velji greinina einu sinni til tvisvar í viku, en ekki oftár. Valgreinin gagnast öllum nemendum.

Námsmat: Virkni, áhugi, frumkvæði og þátttaka.

Tálgun og útskurður

Kennari: Torfi Hjörvar Björnsson

Kennslustundafjöldi: 1 klukkustund á viku í 9 vikur

Lýsing: Kennd eru grunnatriði við útskurð og tálgun í tré, beiting útskurðarjárna, tálgunarhnífa og viðhald bits í þeim. Kynnt eru efni og áhöld, farið í mikilvægi teikninga og kennt hvernig færa á mynstur af teikningu yfir á tré. Farið verður í annarsvegar tálgun á nokkrum hlutum s.s. smjörhnífum, bátum og dýrum. Í útskurði verður farið í að skera og höggva út stafi og mynstur í tré.

Námsmat: Virkni, áhugi, frumkvæði og þátttaka.

Tónlistarsköpun

Kennari: Ása Berglind Hjálmarsdóttir

Kennslustundafjöldi: 1 klukkustund á viku í 9 vikur

Lýsing: Nemendur fá tækifæri til að vinna saman að tónlistarsköpun. Notuð verða hljóðfæri sem nemendur kjósa (rödd þar á meðal) og vinnur hópurinn sameiginlega að því að búa til nýja tónlist, bæði lög og texta. Engin þörf er á fyrri reynslu af því að æfa á hljóðfæri eða syngja.

Námsmat: Virkni, áhugi, frumkvæði og þátttaka.

Umferðarfræðsla

Kennari: Sigrún Berglind Ragnarsdóttir

Kennslustundafjöldi: 1 klukkustund á viku í 9 vikur

Lýsing: Markmiðið er að kynna fyrir nemendum margskonar hugtök og staðreyndir varðandi umferð og umferðarmenningu á Íslandi og búa þau undir sína þátttöku þar sem framtíðar ökumenn. Þar af leiðandi verður ítarleg kynning á ökunáminu og öllu sem því tengist, s.s. ökukennslu, ökuskólum, æfingaakstri, ökuþrófum ofl.

Námsmat: Virkni, áhugi, frumkvæði og þátttaka.